



## Skýringar

Á eyðublað þetta skal færa rekstrarkostnað fólksbifreiða sem eigi er heimilt að fyrna, þar eð fólksbifreiðin telst ekki vera atvinnurekstrartæki manns en þó notuð að hluta við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans. Til fólksbifreiða í þessu sambandi teljast skutbifreiðir (station), sendiferðabifreiðir fyrir fleiri farþega en tvo auk ökumanns svo og jeppar. Í reitnum „Gerð og stærð“ skal m.a. tilgreina um hvers konar bifreið er að ræða að þessu leyti.

Gera skal grein fyrir rekstrarkostnaði bifreiðarinnar að meðtalinni ársafskrift sem reiknast 615.000 kr. án tillits til gerðar hennar og kaupverðs. Afskrift bifreiðar sem notuð er hluta úr ári reiknast hlutfallslega. Afskrift þessa má eigi færa til lækkunar á stofnverði bifreiðarinnar.

Til frádráttar tekjum af atvinnurekstri skal færa þann hluta af heildarkostnaði bifreiðar sem svarar til afnota hennar í atvinnurekstrinum, enda geri eigandi grein fyrir heildarnotkun ökutækisins í kílómetrum, sundurliðaðri eftir akstri í eigin þágu, þ.m.t. akstur milli heimilis og vinnustaðar, og akstri í þágu atvinnurekstrar.

### Athugið

Hafi maður gert fjármögnunarleigusamning um fólksbifreið sem ekki telst atvinnurekstrartæki í hendi hans, en er þó notuð að hluta við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans, þá er óheimilt að gjaldfæra leigugreiðslurnar. Við ársuppgjör á heildarrekstrarkostnaði slíkrar bifreiðar ber að reikna 615.000 kr. sem fasta ársfyrningu vegna skattframtals 2010.

Sé fólksbifreið, sem annars væri eigi heimilt að fyrna, eingöngu notuð við atvinnurekstur t.d. bifreiðin sé talin nauðsynleg til flutnings á starfsmönnum og vinnuáhöldum milli vinnustaða, má fallast á að slík bifreið verði fyrnd, enda sé ekki um einkaafnot eiganda að ræða. Ef starfsmenn launagreiðanda hafa einkaafnot af slíkum bifreiðum skulu þau einkaafnot metin þeim til tekna sem hlunnindi samkvæmt skattmati fjármálaráðherra.